

Fiskistofa
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður

Siglufirði, 14. desember 2017
Nr. erindis 1705084 / GSG

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 504. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 6. júní 2017.

Hólsá og Leyningsá veiðistjórnun/veiðivernd

Eftifarandi var bókað:

Lagt fram erindi frá Leyningsás ses. um uppbyggingu Hólsár. Lagt er til að á næstu þremur árum verði lögð áhersla á að stuðla að sjálfbærri nýtingu árinnar og að settar verði eftifarandi reglur sem gildi til ársins 2020:

1. Veiði í Hólsá er heimil börnum og unglingum undir 16 ára aldri.
2. Veiði er heimil með spún, maðk og flugu.
3. Leyfilegur hámarksafli á dag eru 3 fiskar.
4. Veiðimenn skulu skrá allan afla í veiðibók sem staðsett er við Hólsárbrú.
5. Öll veiði í Hólsá er bönnuð frá 20. september ár hvert.
6. Öll veiði er bönnuð í Leyningsás.


Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn Stangveiðifélags Siglufjarðar og Leyningsáss um nánari útfærslu.

Á 506. fundi bæjarráðs þann 20. júní 2017 var síðan lögð fram umsögn bæjarstjóra þar sem fram kemur að kostnaður bæjarfélagsins verði smávægilegur í uppsetningu skilta og stöku eftirlitsferð bæjarverkstjóra.

Bæjarráð samþykkir þær tillögur sem fram koma í erindi Leyningsáss frá 26.maí 2017. Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna samþykktina fyrir Fiskistofu.

Afgreiðslur bæjarráðs eru síðan staðfestar á 148. fundi bæjarstjórnar þann 21. júní 2017.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

 **Fjallabyggð**
Deildarstjóri
stjórnsýslu- og
fjármála
Guðrún Sif Guðbrandsdóttir
Deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármála

Meðf. Minnisblað - Umsögn GIB, dags. 19/6 2017
Bréf Valtýs Sigurðssonar hrl. dags. 26/5 2017



Fjallabyggð

Minnisblað

Dagsetning: 19.06.2017

Efni: Umsögn um erindi Leyningsás

Höfundur: Gunnar Ingi Birgisson

Málsnr. 1705084

Málefni: Umsögn um erindi Leyningsás

Í erindinu kom fram tillaga að veiðistjórnun í Hólsá, með það í huga að koma í veg fyrir rányrkju í ánni og vernda þessa náttúruperlu. Þar kom einnig fram af eftirlit skuli vera í höndum bæjarstarfsmanna / stangveiðifélagsins og starfsmanna Valló ehf. Eftir að hafa rætt við fulltrúa stangveiðifélagsins og fulltrúa Leyningsás er kostnaður bæjarfélagsins uppsætning skilta og stöku eftirlitsferðir bæjarverkstjóra. Veiðibók verður í framtíðarhúsi golfvallarins að Hólsárbrú.

Kostnaður bæjarfélagsins verður sáralítill og aðrir sem að málinu koma taka ekki laun fyrir sín eftirlitsstörf. Því mæli ég með að bæjarráð samþykki þær tillögur sem fram koma í erindi Leyningsás frá 26.05.2017.



Gunnar Ingi Birgisson
Bæjarstjóri

Valtýr Sigurðsson hrl.

Hljóðsá og Leyningsá veiðistjórnun–veiðivernd

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri
Gránugötu 24
580 Siglufjörði

26. maí 2017

Efni: Hólsá og Leyningsá veiðistjórnun–veiðivernd

Þegar Leyningás ses árið 2012 hóf framkvæmdir við byggingu nýs golfvallar í Hólsdal var m.a. ákveðið að freista þess að bæta lífriki Hólsár. Því fóru framkvæmdir fram undir leiðsögn Bjarna Jónssonar fiskifræðings sem taldi ána hafa alla burði til að vera mjög gjöfula veiðiá. Hún hafði hins vegar spillst verulega m.a. vegna efnisnáms. Um þetta má lesa í fréttatilkynningu Leyningás 12. júní 2012 þar sem vísað er til ítarlegrar skýrslu Bjarna um málið. Leyningsás leggur áherslu á að þessi vinna skili sér fyrir íbúa Fjallabyggðar og e.t.v. fleiri. Í því sambandi sé nauðsynlegt að ákveða hvernig eigi að byggja ána upp nú þegar framkvæmdum í Hólsdal fer að ljúka.

Á fundi formanns Leyningsáss með forsvarmönnum Stangveiðifélags Siglufjarðar þeim Gunnlaugi Stefán Guðleifsson og Herði Júlíusssyni þann 10. apríl sl. var farið yfir þetta mál. Ákveðið var að leggja til við bæjarstjóra Fjallabyggðar að næstu þrjú árin verði lögð áhersla á uppbyggingu árinnar og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu hennar til frambúðar. Til að ná þessu markmiði ættu eftirfarandi reglur að gilda til ársins 2020.

1. Veiði í Hólsá er heimil börnum og unglungum undir 16 ára aldrí.
2. Veiði er heimil með spún, maðk og flugu.
3. Leyfilegur hámarksafli á dag eru 3 fiskar.
4. Veiðimenn skulu skrá allan afla í veiðibók sem staðsett er við Hólsárbrú.
5. Öll veiði í Hólsá er bönnuð frá 20. september ár hvert.
6. Öll veiði er bönnuð í Leyningsás.

Eftirlit með ánni er í höndum bæjarstarfsmanna/stangveiðifélagsins/ starfsmanna Valló ehf. Þessu er hér með komið að framfæri herra bæjarstjóri.

F.h. Leyningsáss ses.

